

Föstudaginn 21. febr. 1936.

Nr. 83/1935. **Johan Heyman f. h. v/s „Kitti“**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Guðmundi Hannessyni bæjarfógeta,
f. h. bæjarsjóðs Siglufjarðar og rík-
issjóðs Íslands** (Sveinbjörn Jónsson).

Lögtak fyrir ýmsum skipagjöldum fellt úr gildi.

Úrskurður fógetaréttar Siglufjarðar 23. júlí 1935: Lögtak skal fram fara í v/b Kitti fyrir inklareringsgjöldum skipsins Eestirand.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess hér fyrir réttinum, að hinn áfrýjaði fógetaréttarúrskurður og lögtaksgerð verði úr gildi felld, og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti. Stefndur krefst hinsvegar staðfestingar á úrskurðinum og lögtaksgerðinni og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Hinn 1. júlí 1935 kom áfrýjandi, Johan Heyman, frá Tallinn (Reval) á Eistlandi til Siglufjarðar á vélbátnum Kitti, sem er að stærð 19,14 smálestir brutto en 9,74 smál. netto. Auk áfrýjanda voru tveir menn aðrir á bátnum, vélarmaður og háseti, báðir Eistlendingar. Hinn stefndi bæjarfógeti taldi sumt grunsamlegt um ferð báts þessa, meðal annars, hvort ekki hefðu verið brotin sóttvarnarlög, og hóf hann þegar lögreglurannsókn um það og tilgang fararinnar yfirleitt. Var áfrýjandi yfirheyrður í lögreglurétti 1. júlí, og lýsti hann þá í byrjun yfir því, að hann hefði komið yfir hafið frá Eistlandi til Íslands á vélbátnum Kitti. Síðar í réttarhaldinu

skýrir hann svo frá, að skipið Eestirand frá Tallinn hafi haft Kitti í togi næstum alla leiðina, og sé Kitti fiskiskip, sem eigi að veiða þorsk fyrir Eestirand. Þessum framburði breytir hann þó síðar í réttarhaldinu á þann veg, að Kitti hafi verið flutt á þilfari skipsins Eestirand frá Tallinn hingað til lands og sett á sjó við Grimsey. Í lögregluréttarprófunum upplýstist það, að skipið Eestirand, sem sagt var vera 7200 brutto smálestir að stærð, hefði komið hingað til sildveiða fyrir norðan land, utan landhelgi, ásamt 3 skipum öðrum, sem ásamt Eestirand voru eign o/y Kalundus í Tallinn. Hafði skipstjórinn á Eestirand á hendi aðalstjórn sildveiðaleiðangurs þessa. Viðurkenndi áfrýjandi, að Kitti tilheyrði leiðangrinum og ætti að annast samband við land fyrir leiðangursskipin og samband milli þeirra innbyrðis, undir yfirstjórn skipstjórans á Eestirand.

Um vélbátinn Kitti er að öðru leyti upplýst það, sem hér segir. Hann er eign Jaan Karu í Tallinn og leigði eigandinn útgerðarfélaginu o/y Kalundus bátinn, með leigusamningi dags. 18. maí 1935 til 6 mánaða tíma, meðal annars til Íslandsferðar. Báturinn er smíðaður í Tallinn árið 1931, og er þjóðernis-skirteini hans gefið út 23. des. 1931. Samkvæmt vottorði eistneska siglingamálaráðuneytisins í Tallinn er báturinn skráður á eistneskri skipaskrá sem sjálfstætt skip frá 23. des. 1931 að telja, og er skrásetningarnúmer hans 817. Báturinn hafði haf-færisskirteini til siglinga á Eystrasalti, dags. 15. júní 1935. Sama dag var skipshöfn skráð á hann, áfrýjandi formaður og auk hans 3 menn aðrir. Tveir þeirra voru með áfrýjanda í bátnum, er hann kom til Siglufjarðar, sem fyrr er sagt, en einn báts-

manna varð eftir í Eestirand sökum meiðsla. Í Tallinn var báturinn settur á þilfar Eestirand með lyftikrana, og er in confesso í máli þessu, að skip þetta geti ekki af eigin ramleik lyft bátnum á þilfar.

Með tilliti til þess, sem upplýstist um samband Kittu við Eestirand, einkum að því er virðist þess, að báturinn kom hingað á þilfari skipsins, að hann var í þjónustu þess og undir yfirstjórn skipstjóra þess, og að hin skráða skipshöfn bátsins var skyld að vinna í Eestirand þegar skipstjórinn á því skipi krafðist, leit hinn stefndi bæjarfógeti svo á, að lögboðin opinber gjöld vegna komu v/b Kittu til Siglu-fjarðar bæri að miða við smálestatal Eestirand. Samdi hann reikning, stílaðan á skipið Eestirand, yfir hin lögboðnu gjöld, þ. e. afgreiðslugjald, vitagjald, áritunargjald, hafnargjald, sóttgæslugjald og tolleftirlitsgjald, samtals að upphæð kr. 6824.80, og úrskurðaði hinn 10. júlí f. á., að taka skyldi gjöldin lögtaki í v/b Kittu, að liðnum lögboðnum fresti frá birtingu úrskurðarins. Lögtak fyrir gjöldunum var svo gert í v/b Kittu hinn 23. júlí f. á., og var úrskurður sá, sem áfrýjað er, ásamt sjálfri lögtaksgerðinni, kveðinn upp sökum mótmæla, er fram komu af hálfu áfrýjanda við lögtaksgerðina. Mótmælti áfrýjandi því, að hann væri ábyrgur fyrir greiðslu gjaldanna, hvort heldur persónulega eða með skipi sínu, Kittu. Auk þess mótmælti hann því, að skipinu Eestirand væri skylt að greiða reikninginn.

Með skírskotun til þess, sem sagt er hér að fram-
an um v/b Kittu, verður að líta svo á, að hann sé sjálfstætt skip, en ekki hluti af skipinu Eestirand, eins og af hálfu stefnda er haldið fram. Það verð-

ur því engan veginn talið, að með því að senda v/b Kittu til Siglufjarðar, hafi skipið Eestirand sjálft tekið höfn þar. Var því þegar af þessari ástæðu ekki heimilt að lögum að miða gjöld þau, sem um ræðir í þessu máli, við smálestatal neins annars skips en v/b. Kittu. Og þar eð ekkert er upplýst í þessu máli, hversu há gjöldin hefðu orðið þannig reiknuð, þá verður ekki hjá því komizt að fella að öllu leyti úr gildi hinn áfrýjaða fógeta-
réttarúrskurð og eftirfarandi lögtaksgerð í v/b Kittu.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógeta-
réttarúrskurður og lögtaksgerð skulu úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Eins og hin framlögðu skjöl bera með sér verður að telja, að skipið Kittu, sé eigi sjálfstætt skip, heldur tilheyri skipinu Eestirand og að skipinu Eestirand hafi borið að inklarera, er það sendi frá sér vélbátinn Kittu, og þaraf-leiðandi greiða inklareringsgjöld, og verður því að telja rétt, að lögtök fari fram fyrir inklareringsgjöldum skips-
ins Eestirand í v/b Kittu.
